



Borgarráð

Gufunesvegur 32, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Þorpinu Vistfélagi, kt. 641018-0230, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, um 1.883 m² íbúðar- og atvinnuhúsalóð við Gufunesveg 32 og selja byggingarrétt að 6.576 m² ofanjarðar fyrir 542.250.000 kr. Verð lóðarinnar ákvarðast skv. niðurstöðu útboðs sem lauk þann 15. október 2021 en tilboð félagsins reyndist hæsta gilda tilboð. Auk greiðslu fyrir byggingarrétt greiðast um 103.311.759 kr. í gatnagerðargjöld. Fjárhæð gatnagerðargjalda getur breyst til hækkunar eða lækkunar við álagningu þeirra við innlögn byggingarnefndateikninga.

Greiðslufrestur er 45 dagar frá samþykki borgarráðs á kauptilboði. Verði ekki af greiðslu kaupverðs byggingarréttarins í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests getur það varðað riftun á sölu byggingarréttarins og afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Félagsbústaðir kt. 510497-2799, Hallveigarstíg 1, eiga kauprétt á 5% íbúðum. Í úthlutunar- og útboðsskilmálum er að finna ítarleg ákvæði um stærðir, verð, beitingu kaupréttar o.fl.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá júní 2013. Lóðarhafa er heimilt að framselja rétt sinn með leyfi borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Tengigjöld fráveitu og önnur heimlagngjöld eru innheimt af Veitum ohf. skv. gjaldskrá.

Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar.

Athygli er vakin á því að Reykjavíkurborg hefur ekki framkvæmt eða látið framkvæma neina könnun á jarðvegi eða undirlagi lóðarinnar. Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við.

Að öðru leyti gilda um lóðina úthlutunar- og útboðsskilmálar fyrir sölu byggingarréttar á lóðinni Gufunesvegi 32 í Reykjavík, almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/2015uthlutunarskilmalar_almennir_loda-_og_framkvaemdaskilmalar_02072015-1.pdf, og deiliskipulag fyrir Gufunes, sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 1. mars 2019. Nánari ákvæði verða sett



Reykjavíkurborg

um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi. Lóðarleigusamningur verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:

Fundargerð fyrir Gufunesveg 32 dags. 15. október 2021.

Árið 2021, þann 15. október kl. 14:02 voru bókuð inn tilboð vegna auglýsingar Reykjavíkurborgar um sölu byggingaréttar við lóðina **Gufunesvegur 32**. Opnunin var framkvæmd rafrænt á vefsvæði útboðsvefjar Reykjavíkurborgar www.ubod.reykjavik.is.

Fundargerð ritaði Oddrún Helga Oddsdóttir

Eftirfarandi fyrirtæki skiluðu inn gildu tilboði:

1 Þorpið - vistfélag ehf.	kr.	542.250.000
2 Gerð ehf.	kr.	452.700.000
3 Iða ehf.	kr.	357.555.000
4 Jörp ehf.	kr.	302.764.000
5 Framkvæmdafélagið Arnarhvoll ehf.	kr.	259.100.000
6 Fjölhús ehf. og Reynidalur 3-11 ehf.	kr.	208.400.000
7 Úlfarsá ehf.	kr.	111.000.000

Alls bárust sjö tilboð.

Fundi slitið kl. 14:08